

LEYFI
til leitar að kolvetni

Iðnaðarráðherra, eftir að hafa leitað umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins og umhverfissráðuneytisins, veitir hér með TGS-NOPEC, Baarsrudveien 2, Nærnes, Noregi hér eftir nefnt leyfishafi, leyfi til leitar að kolvetni. Leyfið er veitt samkvæmt heimild í lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Leyfið er bundið við það svæði sem tiltekið er í 2. gr. þessa leyfis og þeim skilyrðum sem sett eru í lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og reglum nr. 553/2001, um veitingu leyfa til leitar að kolvetni og þeim skilyrðum sem hér eru greind.

Um leyfi þetta gilda framangreind lög og reglur, sem og önnur þau lög og reglur sem á hverjum tíma varða leit að kolvetni.

1. gr.

Gildistími leyfis.

Leyfið gildir frá 24. apríl 2002 til 24. maí 2002.

Leyfishafi getur hvenær sem er afsalað sér leyfinu með skriflegri tilkynningu til iðnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Leitarsvæðið.

Leyfið tekur til leitar að kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Leyfið gildir ekki á svæðum þar sem einkaréttur til rannsóknar eða vinnslu hefur verið veittur eða kann að verða veittur síðar samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nema með samþykki einkaréttarhafa og iðnaðarráðuneytis.

Leyfið afmarkast við svæði sem er innan eftirfarandi marka:

- 1: 65.69° N 5.58 °W
- 2: 65 ° N 10 °W
- 3: 66 ° N 14 °W
- 4: 68 ° N 13 °W
- 5: 68 ° N 07.058 °W

3. gr.

Hvað leyfi felur í sér.

Leyfið heimilar leyfishafa leit að kolvetni með jarðsveiflumælingum samkvæmt

lýsingu í umsókn, dagsett 16. apríl 2002, og viðbæti við hana, dagsett 23. apríl 2002 ásamt mælingaáætlun.

Leyfið veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar.

4. gr.

Umhverfissjónarmið.

Við leit skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum né munum hættu eða tjóni. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun eða spjöllum á umhverfi.

Leyfishafi skal taka fullt tillit til hagsmuna fiskveiðiflotans við framkvæmd leitarinnar.

5. gr.

Eftirlit.

Fulltrúum Orkustofnunar eða annarra stjórnvalda samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis er heimilt að vera til staðar og halda uppi eftirliti við leit og aðra starfsemi sem fellur undir leyfið á hvaða stigi starfseminnar sem er.

Fulltrúarnir hafa rétt til þess að fylgjast með allri starfsemi leyfishafa og krefja hann upplýsinga um alla þætti starfsemi hans samkvæmt leyfinu.

Fulltrúunum skal heimill aðgangur að fjarskiptabúnaði leyfishafa eftir þörfum.

Leyfishafi skal bera allan kostnað af ferðum og uppihaldi fulltrúanna vegna eftirlitsins.

6. gr.

Tilkynningaskylda.

Tilkynning um að leit með skipi sé að hefjast.

Skipaleiðangur skal tilkynna til Orkustofnunar og Landhelgisgæslunnar.

Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Að leiðangurinn leiti kolvetnis samkvæmt leyfi.
2. Nafn leyfishafa.
3. Nafn verktaka.
4. Nafn skips.
5. Einkennisstafir.
6. Radíócallmerki.
7. Inmarsat fjarskiptanúmer fyrir síma, símbréf og tölvupóst.
8. Þjóðerni.
9. Tegund.
10. Dagsetning.
11. Tími.
12. Staðsetning.
13. Síðasta viðkomuhöfn áður en komið er inn á íslenskt hafsvæði (höfn og land).
14. Fyrsta viðkomuhöfn eftir að farið verður af íslensku hafsvæði (höfn og land).
15. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.
16. Upplýsingar um fyrirhugaðar komur á íslenskar hafnir (hafnir og áætlaða komutíma).
17. Nafn og heimilisfang umboðsmanns á Íslandi.

Ef leiðangurinn hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu skipi skal tilkynna hann þegar komið er inn á íslenskt háfsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnins, þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangurinn þegar lagt er af stað úr íslenskri höfn.

Í tilkynningu má óska eftir því við Landhelgisgæsluna að hún sendi út viðvörðun um fyrirhugaðar mælingar til annarra sjófarenda á leitarsvæðinu.

Komur til íslenskra hafna skal tilkynna Landhelgisgæslunni og öðrum íslenskum yfirvöldum með a.m.k. 24 klst. fyrirvara, helst með atbeina umboðsmanns leyfishafa.

Tilkynning um komu og brottför af leitarsvæði.

Komu og brottför leitarfars og þjónustu- eða stuðningsfarartækja þess af leitarsvæðinu skal tilkynna til Orkustofnunar og Landhelgisgæslunnar.

Í tilkynningunni skal koma fram einkennismerki farartækisins, kallmerki og staðsetning. Við komu á leitarsvæðið skal tilkynningin einnig innihalda upplýsingar um áætlaðar ferðir leitarfarsins næstu 24 klst. Í tilkynningunni má óska eftir því við Landhelgisgæsluna að hún sendi út viðvörðun um fyrirhugaðar mælingar til annarra sjófarenda á leitarsvæðinu.

Dagleg tilkynning.

Á hverjum degi kl. 11.00 – 15.00 að miðtíma Greenwich skal tilkynna um staðsetningu og áætlaðar ferðir leitarfars næstu 24 klst. Skal tilkynning send Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Skil á skýrslum og gögnum.

Meðan á leitarleiðangri stendur á leitarsvæði skal leyfishafi senda Orkustofnun vikulega skýrslu með nákvæmu yfirliti um framkvæmd leitarinnar með símbréfi eða tölvupósti.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að leitarleiðangri lýkur skal leyfishafi gefa Orkustofnun skýrslu um hann. Í skýrslunni skal koma fram nákvæmt yfirlit um leiðangurinn, þar með talið lýsing á framkvæmd leitarinnar, leitarbúnaði og mælingum.

Leyfishafi gefa Orkustofnun skýrslu um allar jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar athuganir sem gerðar hafa verið á svæðinu sem leyfið tekur til. Skýrslan skal senda Orkustofnun svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. apríl árið eftir að athuganirnar fóru fram. Skýrslunni skulu fylgja afrit af gögnum, greiningum og niðurstöðum gagnavinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá skilafresti samkvæmt 3. mgr.

Fari fram endurúrvinnsla á gögnum sem aflað hefur verið samkvæmt leyfinu skal leyfishafi innan tveggja mánaða frá því að endurúrvinnslunni lauk skila skýrslu um hana ásamt afriti af hinum endurunnu gögnum til Orkustofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum hennar. Þessi skylda helst eftir að leyfið fellur úr gildi.

Leyfishafi skal varðveita öll frumgögn sem aflað hefur verið samkvæmt leyfinu í a.m.k. eitt ár eftir að leyfið fellur úr gildi. Ákvæði leyfishafi að losa sig við frumgögnin að þessum tíma loknum skal hann bjóða Orkustofnun að taka þau í sínar vörslur áður en þeim er eytt.

Leyfishafi skal veita Orkustofnun upplýsingar um hverjum hafa verið seldar eða afhentar skýrslur eða gögn samkvæmt grein þessari óski hún þess.

Leyfishafi skal uppfylla allar kvaðir samkvæmt grein þessari Orkustofnun að kostnaðarlausu.

8. gr.

Þagnarskylda.

Upplýsingum sem leyfishafi afhendir skv. 15. gr. skal halda leyndum í 10 ár frá lokum þess árs þegar gagnanna var aflað.

Ákvæði 1. mgr. kemur þó ekki í veg fyrir að Orkustofnun eða önnur stjórnvöld samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis:

1. Veiti almennar upplýsingar í tengslum við opinberar tilkynningar, ársskýrslur og annað þess háttar er varðar kolvetnisstarfsemi.
2. Afhendi upplýsingar vegna samstarfs um kolvetnisstarfsemi við annað ríki, svo fremi svipaðar reglur um upplýsingaleynd gildi í því ríki.
3. Nýti sér upplýsingar til aukins skilnings á jarðlögum og auðlindum hafsbotnsins.

9. gr.

Afturköllun leyfis.

Iðnaðarráðherra getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu, reglum nr. 553/2001, um veitingu leyfa til leitar að kolvetni eða lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Skal iðnaðarráðherra áður veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

10. gr.

Framsal leyfis

Leyfi þetta verður hvorki framselt né sett til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki iðnaðarráðherra.

11. gr.

Skaðabótaábyrgð.

Leyfishafi samkvæmt leyfi þessu er skaðabótaskyldur fyrir hvers konar tjón sem stafar af starfsemi samkvæmt leyfi þessu, þar á meðal umhverfisspjöll, án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar.

Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést átti að einhverju leyti sjálfur sök á tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð átti sjálfur að einhverju leyti sök á tjóninu af ásetningi eða gáleysi.

Bætur fyrir umhverfisspjöll má lækka eða fella niður þegar sannað þykir að tjónið stafaði af náttúruhamförum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum sem leyfishafa verður ekki kennt um.

Ákvæði 1.- 3. mgr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta sem leiðir af almennum

reglum.

Iðnaðarráðherra er heimilt að kveða á um að leyfishafi setji tryggingu fyrir því að hann standi við skyldur sínar samkvæmt leyfi þessu, þ.m.t. hugsanlegri skaðabótaábyrgð.


12. gr.


Umsóknar- og leyfisgjöld.

Leyfishafi hefur þegar greitt 100.000 kr. umsóknargjald í ríkissjóð.

Iðnaðarráðuneytið, 23. apríl 2002


Valgerður Sverrisdóttir


Þorgeir Örlyggson




Svæðið sem leyfið tekur til




Mörk íslensku efnahagslögsögunnar

Dýptarlínur:



1000 m



2000 m



3000 m